

Netmáli B2 um sölumælingar og uppgjör útgáfa nr. 1.0

Viðbrögð Landsnets við umsögnum við
netmála B2 um sölumælingar og uppgjör

Febrúar
2020

Efnisyfirlit

0.	INNGANGUR OG FLOKKUN ATHUGASEMDA	3
0.1	Inngangur	3
0.2	Fjöldi umsagna	3
0.3	Flokkun athugasemda	3
1.	UMSAGNIR VIÐ NETMÁLA B2 UM SÖLUMÆLINGAR OG UPPGJÖR	3
1.1	Almennt	3
1.1.1	Skilgreiningar	4
1.2	Uppgjör	4
1.2.1	Skilyrði	4

0. Inngangur og flokkun athugasemda

0.1 Inngangur

Unnið hefur verið að frumútgáfu af skilmála B2 um sölumælingar og uppgjör. Netmáli um sölumælingar og uppgjör mun fjalla um hvernig standa skuli að uppgjöri og sölumælingum fyrir flutning á raforku, en í dag eru ekki til opinberar upplýsingar um slíkt fyrirkomulag.

Markmið með skilmálanum er að ramma inn núverandi vinnulag varðandi sölumælingar og uppgjör fyrir viðskiptavinum Landsnets og tryggja þannig gagnsæi og jafnræði. Skilmálinn nær til dæmis yfir skyldur aðila, ábyrgð og kröfur Landsnet varðandi mælingar og mælubúnað ásamt fyrirkomulagi varðandi uppgjör.

Drög að netmála um sölumælingar og uppgjör voru kynnt fulltrúum viðskiptamannaráðs Landsnets með tölvupósti og leitað var eftir umsögnum á tímabilinu 12.nóvember – 9.desember 2019. Alls bárust tvö erindi.

Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir viðfangsefnum. Efnistöð eru í einhverjum tilfellum sambærileg og því er unnt að draga eða flokka saman athugasemdir eftir viðfangsefnum og gera grein fyrir helstu viðbrögðum Landsnets við þeim.

0.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	Orka Náttúrunnar
02	Orkusalan

0.3 Flokkun athugasemda

Athugasemdir snéru að miklu leiti að sama viðfangsefninu og því hefur Landsnet flokkað þær eftir viðfangsefnum sem eru:

Netmáli

- Skilgreiningar
- Uppgjör

Í köflunum hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi:

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [01]

Ef fleiri sambærilegar athugasemdir bárust eru númer þeirra birt t.d. [12], [14], [15] og [17]. Með þessari framsetningu er áherslan lögð á viðbrögðin en einnig á að vera auðvelt fyrir þá sem sendu inn athugasemdir að finna viðbrögð við þeim.

1. Umsagnir við netmála B2 um sölumælingar og uppgjör

1.1 Almennt

Athugasemdir sem falla undir flokkinn almennt snúa að kafla 2 í netmálanum um skilgreiningar.

1.1.1 Skilgreiningar

1.1.1.1

Varðar gr. 2.5

Mögulega hafi skilgreiningar skolast til og notast sé við reglunar- eða reiðuafllstryggingu í skilgreiningu á jöfnunarorku. Ný tillaga er eftirfarandi:

Jöfnunarorka: reglunarafl sem kerfisstjóri notar til að halda jafnvægi milli raforkunotkunar og tapa annars vegar og raforkuvinnslu hins vegar. [01]

Viðbrögð: Skilgreining 2.5 byggir á skilgreiningu á jöfnunarorku í reglugerði 513/2013 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu. Skilgreining 2.5 hefur verið uppfærð í nýjustu útgáfu þar sem vísað er beint í skilgreiningu á jöfnunarorku í reglugerðinni.

1.2 Uppgjör

1.2.1 Skilyrði

1.2.1.1

Finnist ósamræmi í grein 11.3 og 12.1. Annars vegar er heimilt að gera breytingar á mæliröðum sem snerta jöfnunarorkuuppgjör 6 mánuði aftur í tímann, en hins vegar er uppgjör notkunarferla 15 mánuðum eftir afhendingarmánuð. Hver eru rök fyrir því að hafa ekki sömu tímalengd? [01]

Viðbrögð:

Það eru sitt hvorar forsendur vegna 15 mánaða frest í notkunarferlauppgjöri og 6 mánaða frest vegna breytinga á mæliröðum sem snerta jöfnunaruppgjör.

15 mánaða frestur vegna uppgjörs notkunarferla byggir á eins árs fresti skv. reglugerð 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar. Þessi tími er gefinn til að afla mælaálestra og síðan er gefin slaki upp á 3 mánuði þar sem það getur verið vandkvæðum bundið á að ná öllum aflestrum innan árs.

6 mánaða frestur er hins vegar gefinn vegna leiðréttinga á mæliröðum og jöfnunarábyrgð, en það er óviðkomið mælaálestri.

1.2.1.2

Þegar orka er keypt og seld skipta réttar orkumælingar miklu máli. Eftir því sem þær berast fyrir og eru réttari minnkar óvissa í viðskiptum og auðveldara verður að kaupa og framleiða rétt magn af orku til endursölu. Því finnst okkur sá frestur sem gefin er til að leiðrétta mælingar of langur í grein 11.3. Með þessu geta sölufyrirtæki verið að kaupa og selja raforku m.v. rangar upplýsingar í ½ ár með tilheyrandi óvissu í kostnaði. Leiðrétting er síðan gerð á meðaltals jöfnunarorkuverði sem ekki endurspeglar kostnað við að afla orkunnar (þó það sé trúlega besta aðferðin). Því leggjum við til að þessi tími verði stytur a.m.k. í 3 mánuði (helst meira) og leggja þar með áherslu á mikilvægi réttra orkumælinga. [02]

Viðbrögð:

Sjá einnig svar í 1.2.1.1.

Að gera breytingar á þessum tímamörkum voru ekki sett sem ein af forsendum við gerð þessa netmála, þessi slaki hefur verið viðhafður til að mælingar séu að koma sem réttast inn. Sú breyting þyrfti að gera í samráði við ábyrgðaraðila mæla og þyrfti að skoða í víðara samhengi þá síðar meir.